

Sp.

41. Fyrirspurn

[39. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu og greiðslu stóreignaskatts.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hvers vegna er ekki lokið endanlegri álagningu stóreignaskatts þess, sem innheimta skal samkvæmt lögum nr. 22 1950 og síðari breytingum á þeim lögum?
2. Hversu hári fjárhæð nemur skattur sá, sem þegar hefur verið á lagður?
3. Hversu mikið hefur verið innheimt?
4. Hversu mikið hefur verið greitt með fasteignum?
5. Hversu mikið fé hefur ríkissjóður fengið fyrir þær fasteignir?
6. Hafa einhverjum þeirra fylgt kvaðir, og hafa þær þá komið til frádráttar matsverði?
7. Hefur ríkissjóður haft kostnað af einhverjum slíkum eignum, og þá hversu mikinn?